

Eystrahorn

26. tbl. 37. árgangur

Fimmtudagurinn 11. júlí 2019

www.eystrahorn.is

Vatnajökulsþjóðgarður kominn á heimsminjaskrá UNESCO



Jökulsárlón séð frá Skúmeý

Vatnajökulsþjóðgarður er kominn á heimsminjaskrá Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO). Ákvörðun þess efnis var tekin á fundi heimsminjanefndar UNESCO í Bakú í Aserbaídsjan föstudaginn 5. júlí á grundvelli þess að þjóðgarðurinn hafi að geyma einstakar náttúruminjar. Þar með er staðfest að náttúra þjóðgarðsins og friðlandsins í Lónsöræfum teljist hafa einstakt gildi fyrir mannkynið. Svæðið er einstakt á heimsvísu vegna sköpunarkrafta náttúrunnar, samspils elds og íss og þeirrar jarðfræðilegu fjölbreytni sem af því leiðir og er sýnileg á yfirborði þjóðgarðsins. Landsvæðið sem um ræðir er afar stórt og um 12% Íslands eru þannig komin á heimsminjaskrá UNESCO sem einstakar náttúruminjar. Tilnefningin sem send var inn í janúar 2018 var samþykkt og með henni varð Vatnajökull

hluti af heimsminjaskránni fyrir náttúruverðmæti. Jökulsárgljúfur og Ásbyrgi eru undanskilin í tilnefningunni að þessu sinni vegna þess að ekki er lokið vinnu við friðlýsingu, en svæðið getur komið inn síðar. Í tilnefningunni er áhersla lögð á rekbeltið, heita reitinn undir landinu og eldstöðvakerfið í gosbeltunum ásamt samspili elds og íss sem einstakt er talið á heimsvísu. Undirbúningur vegna tilnefningar Vatnajökulsþjóðgarðs hófst 2016 en þá var sérstakri verkefnastjórn falið að halda utan um og stýra vinnu við tilnefninguna í samræmi við reglur UNESCO. Verkefnið var unnið í samvinnu við Vatnajökulsþjóðgarð og samráð haft við sveitarstjórnir á viðkomandi svæðum. Skráning Vatnajökuls á heimsminjaskrá er mjög mikilvægt skref í verndun og viðurkenningu svæðisins á heimsvísu. Staðir á



Lilja Dögg Alfreðsdóttir menntamálaráðherra og Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra undirrita umsóknina við Hoffellsjökul 28. janúar 2018

heimsminjaskrá draga gjarnan að aukinn fjöldi ferðamanna þannig að mikilvægi viðkomandi staða eykst í þjóðhagslegu tilliti. Heimsminjaskráin er talin vera

afar öflugt tæki til minja- og náttúruverndar, ekki síður en til uppbyggingar vandaðrar ferðabjónustu í hverju landi.

**Athugið að síðasta tölublað fyrir sumarfrí kemur út fimmtudaginn 18. júlí
Næsta blað eftir frí kemur út fimmtudaginn 15. ágúst**



Hofskirkja

Sunnudaginn 14. júlí
Útímessá á Sandfelli kl. 20:00

Messað verður við bæjarstæðið að Sandfelli í Örnæfum. Prédikun sr. Eiríks Helgasonar lesin sem skrifuð var fyrir 99 árum. Kaffi og kleinur að lokinni messu. Allir velkomnir.



Hafnarkirkja

Sunnudaginn 14. júlí
Útímessá í Óslandi kl. 14:00

Gengið verður frá Hafnarkirkju í Ósland þar sem gert er ráð fyrir að messa hefjist kl. 14:30. Þeir sem treysta sér ekki í göngu geta mætt akandi. Kaffisopi að messu lokinni. Allir velkomnir. Sjá nánar um messurnar á Facebook og heimasíðunni okkar <http://www.bjarnanesprestakall.is>



Kálfafellsstaðarkirkja

Mánudaginn 29. júlí
(Athugið, sjá dagsetningu)
Ólafsmessa kl. 20:00

Hin árlega Ólafsmessa er ætíð 29. júlí. Helgistund og tónleikar.

Fylgist með þegar nær dregur á heimasíðu og Facebook síðu prestakallsins.

Prestarnir



Bifreiðaskoðun á Höfn
15., 16. og 17. júlí.

Tímappantaniir í síma 570-9090
fyrir kl. 16:00 föstudaginn 12. júlí.
Næsta skoðun 19., 20. og 21. ágúst.

Frumherji

Þegar vel er skoðað

Flokkstjóri þrifa

Skinney – Þinganes hf óskar eftir að ráða flokkstjóra þrifa.

Um er að ræða ábyrgðarstöðu í kvöld- og helgarvinnu.

Miðað er við að vinna hefjist kl. 15:00.

Frekari upplýsingar veitir Gunnar Ásgeirsson vinnslustjóri í síma 470-8111 og í tölvupósti gunnaras@sth.is



SKAPANDI MARGMIÐLUNARSTOFA

Prívíddargrafík,
umbrot og auglýsingagerð.

Hafðu samband:

tjorvi@upplausn.is

eða í síma
848-3933.



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933
Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og
ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson
Netfang: tjorvi@eystrahorn.is
Prófarkalestur:..... Guðlaug Hestnes
Umbrot: Tjörvi Óskarsson
Prentun: Litlaprent

ISSN 1670-4126

Eystrahorn Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur
velkomnir í hópinn.

HLS ehf.
Rnr. 0537-14-409068
Kt. 500210-2490

„Er Skeiðará nú búin?”

Úr Vatnadeginum mikla eftir Þórberg Þórðarson



Frá byggingu á Skeiðarárbrú 1972-1974. Mynd: Vegagerðin

Þann 14. júlí árið 1974 var opnað fyrir umferð yfir Skeiðarárbrú og þar með um hringveginn. Sunnudaginn 14. júlí næstkomandi, verður haldin hátíð við þetta 880 m einstaka minnismerki á Skeiðarársandi í tilefni af 45 ára vígsluafmæli brúarinnar. Þetta verða listviðburðir og viðavangshlaup; Skeiðarárhlaup & ÖR List.

Skeiðarárbrú var byggð á árunum 1972-1974. Sá atburður breytti landslagi og menningu okkar til frambúðar og er því brúin tákni um miklar samfélagsbreytingar. Helgi Hallgrímsson var verkfræðingur hjá Vegagerðinni á þessum árum og hannaði og stýrði framkvæmdum á Skeiðarársandi. Markmið manna var að vinna með náttúruöflunum og byggja brú á sandinum sem myndi skemmast sem minnst í flóðum, en óraunhæft var talið að byggja brú sem stæðist flóðin með öllu. Fyrir þennan tíma höfðu menn alla tíð komist leiðar sinnar yfir sandinn sundríðandi yfir árnar eða farið um jökulveg. Frá miðri síðustu öld voru gerðar ýmsar tilraunir með að komast yfir árnar á

vélknúnum ökutækjum.

Þórbergur Þórðarson lýsir í frásögn sinni Vatnadagurinn mikli, för sinni í gegn um Öræfin og yfir Skeiðará, árið 1933. Þar telur hann upp Vatnaboðorð fjögur:

1. Haltu ekki fast í tauminn!
2. Stattu ekki í ístöðunum!
3. Haltu annarri hendi af öllu afli í faxið, ekki í hnakkinn!
4. Horfðu ekki niður í vatnið, heldur skaltu einblína úti sjóndeildarhringinn eða á Lómagnúp!

Skeiðará færði sig yfir í farveg Gjúkvíslar árið 2009 og síðan þá hefur lítil læna, Morsá, runnið undir Skeiðarárbrúna. Árið 2017 var umferð hleypt yfir nýja brú sem smíðuð var yfir Morsá og þar með glataði Skeiðarárbrú hlutverki sínu. Nú stendur hún sem strönduð í tíma við hlið hinnar nýju brúar og minnir okkur á hin síbreytilegu náttúruöfl sem umlykja okkur og við erum partur af.

Sunnudaginn 14.júlí kl. 14:30 verður annarsvegjar boðið upp á 3,5 km skemmtiskokk frá minnismerkinu um Skeiðarárhlaupið 1996 sem hentar allri fjölskyldunni. Hlaupið verður til suðurs talsvert frá þjóðveginum.



Meðlimir í Sirkuslistafélaginu Hringleik verða með loftfímleikainnsetningu hangandi neðan úr Skeiðarárbrú.

Hins vegar verður boðið upp á 11,5 km hálf tákna hlaup, en sú vegalengd verður ræst við bílastæðið hjá Háöldukvísl. Hlaupið verður um gamla þjóðveginn á Skeiðarársandi til austurs, yfir þurran farveg Sæluhúsavatns og suður varnargarðinn sem var byggður vegna Skeiðarár á sínum tíma. Báðar vegalengdirnar enda síðan uppá miðri Skeiðarárbrúnni þar sem allir þeir sem ljúka hlaupi fá minjagrip.

Frá kl. 15:00 til 17:00 fer ÖR List fram, á og við Skeiðarárbrúna. Þar verða sýnd verk eftir innlenda og erlenda listamenn en meðal þess sem verður á dagskrá verða tónlistargjörningar,

sirkusatriði og stuttmyndasýrpa undir brúarsporðinum vestanmegin. Á facebook síðu viðburðarinnar má kynna sér þá listamenn sem taka þátt í ár.

Frítt er á alla listviðburðina og skráning í hlaupið er á hlaup.is. Þar er bæði hægt að nálgast skráningarform á íslensku og ensku. Krakkar eru velkomnir að taka þátt í barnadagskrá með foreldrum sínum, sem verður við samkomutjaldið.

Hátíðin er hluti af Menningarminjadögum Evrópu á Íslandi.



ATVINNA

Auglýst er eftir karlkyns sundlaugarverði við Íþróttamiðstöð Hornafjarðar.

Um er að ræða 51% starf til framtíðar.
Starfstími er í samræmi við vaktatöflu.

Helstu verkefni:

Afgreiðsla, þríf og almennt eftirlit með gestum og húsinu.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Launaneftndar Sveitarfélaga við FOSS.BSRB og Afl Starfsgreinafélag. Frekari upplýsingar um starfið veitir forstöðumaður Íþróttamiðstöðvar, sími 899-1968.

Netfang: www.gunnaringi@hornafjordur.is

Umsóknarfrestur er til 31. júlí. 2019.

Gunnar Ingi Valgeirsson

Forstöðumaður Íþróttamannvirkja Hornafjarðar.

Árlegur vinnudagur Skógræktarfélags A-Skaft verður helgina 19. til 21. júlí í Haukafelli

Verkefni helgarinnar eru meðal annars:

- Gróðursetning
- Klipping og grisjun
- Tiltekt
- Girðingarvinna
- Sláttur
- Setja undirstöður fyrir nýtt þjónustuhús

Skógræktarfélag A-Skaft. býður upp á kaffihressingu og sameiginlegan kvöldverð laugardaginn 20 júlí.

Frítt á tjaldstæðið fyrir þátttakendur í vinnudegi.

Hlökkum til að sjá ykkur!

Stjórn Skógræktarfélags A-skaft.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

UMFÍ

UNGLINGALANDSMÓT UMFÍ

Á HÖFN Í HORNAFIRÐI UM VERSLUNARMANNAHELGINA

Margar hendur vinna létt verk. Okkur vantar helling af sjálfbóðaliðum til að taka vel á móti öllum gestunum sem heimsækja okkur um verslunarmannahelgina.

Þeir sem vilja gerast sjálfbóðaliðar geta skráð sig hjá Kristínu Ármannsdóttur með tölvupósti á kristin@usu.is eða hringt í síma 895-4569





Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Auglýsing um framkvæmdaleyfi

Sveitarfélagið Hornafjörður hefur samþykkt að veita framkvæmdaleyfi vegna byggingu nýrrar brúar yfir Kvía í Örfæfum og að verkið skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/ 2000. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála til 8. ágúst 2019.

*Höfn í Hornafirði 4. júlí 2019
F.h. bæjarstjórnar, Gunnlaugur Róbertsson
skipulagsstjóri*



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Umhverfisviðurkenningar 2019

Umhverfis- og skipulagsnefndi auglýsir eftir tilnefningum til umhverfisviðurkenningar 2019.

Umhverfis- og skipulagsnefnd auglýsir eftir tilnefningum, einstaklingi (um), félagasamstökum, stofnun, fyrirtæki og lögbýlum til sveita, sem hefur með athöfnum sínum verið til fyrirmyndar og gert umgengni við náttúru og umhverfi að eðlilegum þætti í störfum sínum og rekstri eða hefur á annan hátt lagt mikið af mörkum til verndunar náttúru og umhverfis.

Frestur til að tilnefna er til 13. ágúst, tilnefningum skal skila á skrifstofu Ráðhúss Hafnarbraut 27, 780 Hornafirði eða á netfangið bryndis@hornafjordur.is



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Manstu eftir taupokanum?

POKASTÖÐIN
Hornafjörður - Iceland

Á beinni braut

Nafnlaus Lónmaður skoraði á mig að tjá mig um nokkur málefni sem varða sveitarfélagið og samfélagið í heild. Var mér svo heitt í hamsi þegar ég settist niður til að skrifa það svar að það endaði í sjö og hálf blaðsíðna ritgerð sem að ógjörningur væri að birta í heild sinni.

Ég geri þá tilraun til þess að tjá mig á hnitmiðaðri hátt og reyni eftir bestu getu að hafa skrifin stutt og laggóð.



Samgöngur milli Hafnar og Lóns og jafnvel lengra?

Vissulega er örtröðin sem myndast frá Lóni og að Höfn á morgnana gjörsamlega óásættanleg og ber þessi vegur ekki þann umferðarþunga sem liggur á honum í dag, og hvað þá þegar við bætum blessuðum ferðamanninum í dæmið. Lónmaðurinn ágæti benti á lausn, ef lausn mætti kalla. Það virðist vera böll okkar Íslendinga að hugsa ekki heildstætt, því ef að við horfum á vandamálið í Lóni er það aðeins einn tölustafur í enn stærra dæmi og ef það er ekki heildarlausn, þá er það ekki lausn. Vandamálið eru samgöngur allt í kringum landið og þá er ég að tala um okkar ástkæra þjóðveg 1. Þetta er vandamál sem er að kæfa nánast alla staði landsins utan suðvesturhornsins og er ein aðal ástæðan fyrir fólksfækkun á landsbyggðinni.

En hvað er til ráða? Svarið er einfalt en þó flókið og dýrt í framkvæmd.

Lest!

Segjum sem svo að við myndum leggja tvöfalda lestarbraut héðan frá Höfn sem mundi þræða Austfirðina, upp að Mývatni og norður að Akureyri. Hugsum ekki um kostnað og tíma að þessu sinni, hugsum frekar um hvernig þetta myndi breyta högum okkar til hins betra, lífsgæðum og hvaða tækifæri það hefði í för með sér.

Í fyrsta lagi myndi þetta sameina Hornafjörð við Austfirði og þar með værum við ekki lengur það einskismannsland sem við höfum verið frá landnámi. Þungaflutningar á hættulegum vegum heyrðu sögunni til. Sjávariðnaðurinn á Norðurlandi og Austurlandi gætu sameinað krafta sína þar sem ferða- og flutningstími frá Akureyri til Hornafjarðar væri í mesta lagi þrjár klukkustundir og þá tala ég ekki um byltinguna sem að yrði í ferðamanna-, menningar- og avinnumálum.

Ég gæti haldið áfram en hér ætla ég að segja staðar numið og skora á Barða E. Barðason framhaldsskólakennara í FAS að koma með sinn vinkil á þetta mál þar sem ég veit að hann hefur miklar skoðanir á sósíó pólitískum áhrifum sem fylgir sameiningu smærri samfélaga.

*Þakkið fyrir lesninguna,
Sigurður Páll Arnason*

FJÓRÐUNGSMÓT Á AUSTURLANDI

haldið að Fornustekjum dagana 11.-14. júlí 2019



Helstu dagskrárliðir:

- Gæðingakeppni í A- og B-flokki, (úrtaka hestamannafélaga)
- Gæðingakeppni í A- og B-flokki, áhugamanna og ungmenna
- Keppni í barna-, unglínga og ungnmennaflokki
- Töltkeppni í T1 opnum flokki, T3 áhugamannaflokki og 21. árs og yngri
- Kappreiðar, 100m fljúgandi skeið, 350m stökk
- Kynbótasýning og Ræktunarbússýningar
- Skógeyjarútreið, grillveisla og kvöldvaka í Stekkhól á föstudagskvöld
- Dansleikur í Mánagarði á laugardagskvöld
- Átta spennandi A-úrslit í gæðingakeppninni á sunnudag

**Verð aðgangspassa fyrir FM2019 er kr 7.500,- og fyrir unglínga 13-16 ára kr. 3.000,-
Ath. Frítt inn fyrir 12 ára og yngri.**

Dagspassi er kr. 3.000,- (föstud.-sunnud.)

Verð miða á dansleik í Mánagarði með hljómsveitinni Sleipni er
kr. 3000 í forsölu (miðv.-fimmtud.)

Hestamannafélagið Hornfirðingur

